



Þegar mest á reynir

www.hjukrun.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/900
komudagur 10.12.2010

Reykjavík 10. desember 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 301. mál.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Stjórnin leggur áherslu á að breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði í þessu tilfalli gerð með sama hætti og gert var 1989 og 1990, þegar verkefni heilbrigðisstofnana voru flutt frá sveitarfélögum til ríkisins. Breytingin þá var efnislega á þann veg að félagsmenn viðkomandi bæjastarfsmannafélaga gátu valið hvort þeir væru áfram í viðkomandi félagi, eða flyttu sig yfir í samsvarandi félag ríkisstarfsmanna. Hið sama gildi um nýja starfsmenn þ.e. þeir höfðu einnig val um félagsaðild.

Stjórn Fíh gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður